

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:00, 29.03.2010

Mætt voru Ragnar Bragason, Silja Hauksdóttir, Hilmar Oddsson og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð aðalfundar lesin upp og samþykkt.
2. Rætt um síðasta lið aðalfundargerðar, 'önnur mál' og Hilmar tók að sér að koma félagsskírteininu aftur í gagnið, þ.e. að fá ný skírteini framleidd.
3. Rætt um hversu aðgengilegar fundargerðir félagsins eigi að vera á heimasíðunni, hvort að þær séu eingöngu fyrir félagsmenn, eða öllum aðgengilegar. Niðurstaðan var sú að hafa þær 'ólæstar'.
4. Umræður um cinematek, um hverskonar húsnæði henti best o.s.frv. Það er áreiðanlegt að ef rétt er haldið á spöðunum – þá mundi svona apparat njóta mikilla vinsælda og virðingar. Þetta stendur og fellur með því að áhugasöm og ástríðufull manneskja taki að sér verkið. Það þarf að vera til staðar meðvitund um að þetta á að kveikja áhuga almennings, auk þess er þetta heilmikill rekstur og umstang. Það tekur tíma að markaðsetja svona starfsemi, allavega ár – áður en þetta færi að bera sig. Ragnar nefndi að stúlka í háskólanum hafi skrifað BA ritgerð um rekstur á svona cinemateki – Ragnar ætlar að hafa upp á henni. Stjórnin hefur áhuga á að fá að skoða Gamla bíó, að fá að sjá hvaða vistarverur eru þarna á efri hæðunum. Hilmar ætlar að hafa samband við Stefán Baldursson um það.
5. Ragnar talaði um að hann langar til að breyta áherslum félagsins, að félagið sé ekki bara á praktískum framleiðenda-nótum, heldur líka hugmyndafræðilegum. T.d. að grípa erlenda kollega sem eru á ferðinni um landið, að íslenskir leikstjórar fái að setjast niður og spjalla við þá – og einnig gætu íslenskir kollegar verið teknir í fókus eina og eina kvöldstund.
6. Stjórnin hefur áhuga á að koma upplýsingum um símenntun og residensíur á heimasíðuna.
7. Hilmar lýsti því yfir að hann hefði áhuga á að halda áfram að starfa við það að halda úti heimasíðunni. Stjórnin er samþykkt því að hann fái greiðslu fyrir það, upphæðina á eftir að ákveða.
8. Ragnar talaði um að gott væri að nýta netpóstinn til að hafa félagsmenn meðvitaða um störf stjórnarinnar og viðfangsefni félagsins.
9. Hilmar stakk upp á því að stjórnin fundaði amk mánaðarlega, t.d. fyrsta mánudag hvers mánaðar. Það var samþykkt, og skv því verður næsti fundur fyrsta mánudag í maí, nema annað komi til.

Ritari var Óskar Jónasson.